

FÉLAG FORSTÖÐUMANNA RÍKISSTOFNANA

Alþingi
Nefndasvið
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Akranesi 26. nóvember 2009

Efni: Umsögn Félags forstöðumanna ríkisstofnana um frumvarp til laga um kjararáð, þskj. 219 — 195. mál.

Þann 25. nóvember 2009 barst undirrituðum fyrir hönd Félags forstöðumanna ríkisstofnana frumvarp til laga um kjararáð, þsk. 219-195. Óskað var eftir umsögn um frumvarpið fyrir 2. desember 2009. Umsögn félagsins er eftirfarandi:

Félag forstöðumanna ríkisstofnana harmar málatilbúnað þáverandi ríkisstjórnar og breytingar þær sem Alþingi samþykkti 20. desember 2008 með lögum nr. 148/2008, á lögum nr. 47/2006 um kjararáð þess efnis að kjararáð skuli fyrir árslok 2008 kveða upp nýjan úrskurð er feli í sér 5–15% launalækkun alþingismanna og ráðherra jafnframt því sem kjararáð skuli til samræmis endurskoða kjör annarra er undir það heyra.


Félag forstöðumanna ríkisstofnana telur að ákvæði 8. gr. laga nr. 47/2006 um þær viðmiðanir sem kjararáð skuli gæta við ákvarðanir sínar séu fullnægjandi þótt aðstæður í efnahagsmálum taki breytingum. Þar er mælt fyrir um að kjararáð skuli gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem ráðið ákveður, að starfskjör séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar, að við ákvörðun launakjara skuli kjararáð sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs hins vegar og að kjararáð skuli ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Einnig er í 10. gr. sömu laga mælt fyrir um að kjararáð skuli ætíð taka mál til meðferðar ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar.

Félag forstöðumanna ríkisstofnana minnir á að embættismenn njóta ekki eins og annað launafólk réttinda skv. 2. mgr. 75. gr. stjórnarskrárinnar um að í lögum skuli kveða á um rétt manna til að semja um starfskjör sín og önnur réttindi tengd vinnu. Þess í stað hefur löggjafinn falið kjararáði að ákvarða launakjör embættismanna. Kjararáð er stjórnvald sem fer með tiltekið hlutverk lögum samkvæmt. Það er því óeðlilegt að Alþingi mæli fyrir um hvernig það skuli haga úrskurðum sínum. Lögð er áhersla á að kjararáð geti óáreitt starfað samkvæmt lögum nr. 47/2006 um kjararáð eins og þau voru fram að

FÉLAG FORSTÖÐUMANNA RÍKISSTOFNANA

breytingum Alþingis með lögum nr. 148/2008. Jafnframt er mikilvægt að kjararáð fari í störfum sínum og málsmeðferð að ákvæðum stjórnsýslulaga nr. 37/1993, þar á meðal varðandi aðkomu forstöðumanns að umfjöllun og ákvörðun um eigin mál.”

F.h. Félags forstöðumanna ríkisstofnana



Magnús Guðmundsson, formaður FFR
(magnus@lmi.is)

Landmælingar Íslands
Stíllholt 16-18
300 Akranes